





Eftirlit með rafhlöðum og rafgeymum, raf- og rafeindatækjum

Samantekt og niðurstöður eftirlits ársins 2024



Eftirlit með rafhlöðum og rafgeymum, raf og rafeindatækjum

September 2025

Útgefandi: Umhverfis- og orkustofnun

Útgáfunúmer: UOS-2025:38

Suðurlandsbraut 24 Rangárvellir 2
108 Reykjavík 603 Akureyri

Sími 569 6000

www.uos.is

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	4
2	Framkvæmd eftirlits.....	5
3	Niðurstöður eftirlits.....	7
4	Ályktanir	9

1 Inngangur

Umhverfisstofnun framkvæmdi eftirlit með rafhlöðum og rafgeymum og raf- og rafeindatækjum árið 2024. Umhverfisstofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa. Umhverfis- og orkustofnun tekur við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun. Eftirlitið mun því framvegis vera í höndum Umhverfis- og orkustofnunar og sömuleiðis eru niðurstöður eftirlits ársins 2024 gefnar út af Umhverfis- og orkustofnun.

Eftirlit þetta byggir á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma og reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang. Markmið eftirlitsins er að hækka söfnunarhlutfall þessa úrgangs, fylgja eftir banni vegna takmörkunar á innihaldi tiltekinna efnum í rafhlöðum og rafgeymum, tryggja móttöku söluaðila á notuðum rafhlöðum og rafgeymum, tryggja að merkingar séu réttar og sjá til þess að upplýsingagjöf framleiðenda og innflytjenda til viðskiptavina sé fullnægjandi.

Umhverfis- og orkustofnunar falið eftirlitshlutverk með rafhlöðum og rafgeymum í IV. kafla laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Eftirlitshlutverkið er nánar útfært í reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma sem sett er með stoð í lögunum, fjallað er um eftirlitshlutverk stofnunarinnar í 18. gr. a. reglugerðarinnar.

Að sama skapi er stofnuninni falið eftirlitshlutverk með raf- og rafeindatækjum í VII. kafla laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Eftirlitshlutverkið er nánar útfært í reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang sem sett er með stoð í lögunum, fjallað er um eftirlitshlutverk stofnunarinnar í 16. gr. reglugerðarinnar.

Eftirlit ársins 2024 var framkvæmt á grundvelli eftirlitsáætlunar sem birt var á vef Umhverfisstofnunar¹. Eftirfarandi er samantekt á eftirlitsþáttum sem stofnunin sinnir og tilvísun í viðeigandi reglugerðarákvæði:

¹ [Eftirlitsáætlun 2024](#)

Eftirlitsþáttur	Reglugerðarákvæði
Framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma:	
- Veiti kaupendum upplýsingar um flokkun, meðhöndlun og efnainnihald vara sinna - Séu skráðir í skráningarkerfi fyrir framleiðendur og innflytjendur - Selji einungis vörur merktar tunnummerki - Fari eftir takmörkunum á efnainnihaldi skv. reglugerð	7. gr. reglugerðar nr. 1020/2011 10. gr. reglugerðar nr. 1020/ 2011 11. gr. reglugerðar nr. 1020/2011 5. gr. reglugerðar nr. 1020/2011
Sölu- og dreifingaraðilar rafhlaðna og rafgeyma:	
- Taki á móti notuðum rafhlöðum og rafgeymum - Fari eftir takmörkunum á efnainnihaldi skv. reglugerð	8. gr. reglugerðar nr. 1020/2011 11. gr. reglugerðar nr. 1020/2011
Framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja:	
- Séu skráðir í skráningarkerfi fyrir framleiðendur og innflytjendur - Veiti kaupendum upplýsingar um flokkun og meðhöndlun þessara vara - Tryggi að varan beri tunnummerki	14. gr. reglugerðar nr. 1061/2018 4. gr. reglugerðar nr. 1061/2018 4. gr. reglugerðar nr 1061/2018

Tafla 1

Tilgangur þessarar skýrslu er að upplýsa um framgang og niðurstöður eftirlits ársins 2024.

2 Framkvæmd eftirlits

Í eftirliti ársins var farið í heimsókn til aðila sem flytja inn og/eða selja rafhlöður, rafgeyma og/eða raf- og rafeindatæki. Flestir eftirlitsþegar höfðu ekki fengið eftirlitsheimsókn áður. Upplýsingar um innflytjendur voru fengnar frá tollakerfi Skattsins og upplýsingum af netinu. Árið 2024 voru innflytjendur raf- og rafeindatækja 4.815 talsins og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma 982.


Í úrtaki ársins var lögð áhersla á að skoða verslanir sem selja partýskraut. Þá voru LED ljósakerti einnig skoðuð sérstaklega. Rafhlöður voru skoðaðar hjá flestum verslunum auk þess sem tvö fyrirtæki voru heimsótt sérstaklega til þess að skoða hjá þeim rafgeyma.

Framkvæmd eftirlits hófst í september og lauk í desember. Eftirlitið fór þannig fram að eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar fór í óboðaða heimsókn til fyrirtækja sem lentu í úrtaki verkefnisins, eftirlitsmaður kynnti eftirlitsverkefnið fyrir fyrirsvarsmanni fyrirtækisins og

skoðaði í kjölfarið vörur sem féllu að áherslum ársins (Viðauki A). Við eftirlitið fyllti eftirlitsaðili út gátlista og skoðaði og myndaði vörur, sem og merkingar og upplýsingar með vörunum og athugaði hvort móttaka væri á notuðum rafhlöðum og rafgeymum og mögulega raftækjum hjá eftirlitsþega þar sem slíkar skyldur voru til staðar (sjá viðauka B).

Upplýsingar, athugasemdir og frávik voru skráð og unnið úr þeim í kjölfar heimsóknarinnar. Niðurstaða eftirlits, sem fólst í eftirlitsskýrslu og fylgibréfi með henni, var send eftirlitsþega (sjá viðauka C).

Við úrvinnslu frávika og eftirfylgni var stuðst við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma og reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang. Einnig var stuðst við leiðbeiningar frá stjórnarsviði umhverfismála hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins *Frequently Asked Questions on Directive 2012/19/EU on Waste Electrical and Electronic Equipment (WEEE)*² og *Frequently Asked Questions on Directive 2006/66/EU on Batteries and Accumulators and Waste Batteries and Accumulators*³.



² [Frequently Asked Questions Directive 2012/19/EU on Waste Electrical and Electronic Equipment](#)

³ [Frequently asked questions on Directive 2006/66/EU on Batteries and Accumulators and Waste Batteries](#).

Mynd 1: ferill eftirlits

3 Niðurstöður eftirlits

Í eftirlitinu var farið í heimsókn til 16 fyrirtækja sem eru framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja og/eða rafhlaðana og rafgeyma. Flestir eftirlitsþega höfðu ekki fengið eftirlitsheimsókn áður (sjá töflu 2). Eftirlitið fór fram á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi. Hluti þessara innflytjenda flytja inn bæði raf- og rafeindatæki og rafhlöður/ rafgeyma, en í niðurstöðum eru þessir flokkar aðgreindir enda um tvær reglugerðir að ræða.

Eftirlit vegna reglugerðar nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang: Eftirlit var framkvæmt hjá 15 aðilum sem flytja inn, selja eða framleiða raf- og rafeindatæki. Alls voru 74 raf- og rafeindatæki skoðuð.

Eftirlit vegna reglugerðar nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma: Eftirlit var framkvæmt hjá 12 aðilum sem flytja inn, selja og dreifa rafhlöðum og rafgeymum á höfuðborgarsvæðinu. Alls voru 34 tegundir af rafhlöðum og rafgeymum skoðaðar.

Á undanförunum fjórum árum hefur Umhverfisstofnun dreift spjöldum með upplýsingum um söfnun og skil á úr sér gegnum rafhlöðum/rafgeymum og raf- og rafeindatækjum til eftirlitsþega í tengslum við eftirlit. Upplýsingarnar og spjöldin má jafnframt nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar⁴ (sjá viðauka D).

Tafla 2: Eftirlitþegar árisins 2024

Raf- og rafendatæki	Rafhlöður og rafgeymar
Allt í köku ehf.	
Balún ehf.	
Byggt og búið ehf./Heimilistæki ehf.	Byggt og búið ehf./Heimilistæki ehf.
Byko ehf.	Byko ehf.
Garðheimar (Gróðurvörur ehf.)	Garðheimar(Gróðurvörur ehf.)
Hókus Pókus ehf.	Hókus Pókus ehf.
Húsasmiðjan ehf.	Húsasmiðjan ehf.
Jysk (Rúmfatalagerinn ehf.)	Jysk (Rúmfatalagerinn ehf.)
KidsCoolShop Iceland ehf.	KidsCoolShop Iceland ehf.
Netberg ehf. (Bláorka)	Netberg ehf. (Bláorka)
Partýbúðin/Afbragðs ehf.	Partýbúðin
Partývörur (Dingulharpa ehf.)	Partývörur (Dingulharpa ehf.)
Rekstrarvörur ehf.	Rekstrarvörur ehf.
	Rótor ehf.
Snilldarvörur (Aries ehf.)	
Tantra verslun (Á. Jónsson ehf.)	Tantra verslun (Á. Jónsson ehf.)

⁴ [Upplýsingaspjöld rafhlöður og rafgeymar](#)

Alls voru 108 vörur skoðaðar og voru gerðar athugasemdir við skort á tunnummerki (yfirstrikuð sorptunna) á 20 vörum. Vanmerktar vörur voru endurmerktar í flestum tilfellum þar sem tunnummerki skorti en í einhverjum tilfellum voru vörurnar teknar af markaði. Tunnummerki á almennt að vera á vörunni sjálfri en ekki er nóg að einungis umbúðir séu merktar. Í undartekningartilvikum er fullnægjandi að merkja einungis umbúðir þegar vara er mjög smá eða merkingar skerða notagildi vörunnar.

Í fimm tilfellum var gerð athugasemd þar sem ekki var tekið á móti notuðum rafhlöðum í verslunum. Þrír aðilar voru ekki að flytja inn rafhlöður sjálfir en voru endursöluaðilar rafhlaðna og var því skylt að taka á móti notuðum rafhlöðum á grundvelli reglugerðar nr. 1021/2011 um rafhlöður og rafgeyma. Í einu tilvikinu voru rafhlöður ekki endurseldar í upprunalegum umbúðum og í því tilviki tók seljandi rafhlöðurnar af markaði. Í tveimur tilvikum var eftirlitsþegi að flytja inn rafeindatæki sem innihélt rafhlöður og var því skylt samkvæmt reglugerð um rafhlöður og rafgeyma nr. 1021/2011 að taka á móti notuðum rafhlöðum frá viðskiptavinum sínum.⁵

Í einu tilfelli var óskað eftir ítarlegri upplýsingum um efnainnihald sem ekki bárust og var þá sett fram frávík á grundvelli upplýsingaskyldu samkvæmt 3. mgr. 65. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Smkvæmt greininni ber eftirlitsskyldum aðilum að veita allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til eftirlits með framkvæmd laganna.


Ekki var gert frávík vegna efnainnihalds rafhlaðna og rafgeyma í neinu tilviki. Áskorun felst í því að framfylgja eftirliti með takmörkunum á efnainnihaldi rafhlaðna og rafgeyma þar sem einungis er skylda til að merkja rafhlöður með tákni fyrir þungmála fyrir blý, kadmíum og kvikasilfur að því gefnu að efnainnihald fari yfir ákveðin mörk. Í þeim tilvikum sem engin merking er á rafhlöðunni er erfitt að sannreyna hvort um skort á merkingu sé að ræða eða hvort efnainnihald sé undir mörkum. Það er til skoðunar hjá stofnuninni hvernig þetta verði leyst í eftirliti til frambúðar. Engar rafhlöður eða rafgeymar fundust í eftirliti sem merktar voru með þungmálamerki sem gaf til kynna of hátt efnainnihald þungmálma í vörunum.

Ekki voru sett fram frávík þegar upplýsingaskyldu var ekki fullnægt heldur voru eftirlitþegar hvattir til að miðla upplýsingum til viðskiptavina, til að mynda með því að hengja upp upplýsingaspjöld sem stofnunin lét útbúa.

⁵Á bls 7. í Frequently Asked Questions on Directive 2012/19/EU on Waste Electrical and Electronic Equipment (WEEE) kemur eftirfarandi fram: A producer of electrical and electronic equipment containing a battery is also regarded as a battery producer under the Batteries Directive². This is to ensure that there will be a responsible producer for all batteries placed on the EU market regardless of whether the batteries are put on the market themselves or incorporated in EEE. Member States should avoid any double charging of producers in case batteries are collected with the appliance on the basis of the WEEE Directive.

4 Ályktanir

Frávik við vöruskoðun reyndust 20 af 108 vörum sem gefur 18,5% frávikahlutfall. Þó ber að taka tillit til þess að eftirlitsmaður skimar við framkvæmd eftirlits langtum fleiri vörur en rata inn í eftirlitsskýrslu, ekki allar vörur án fráviks rata því í skýrsluna. Þar sem skorti upplýsingar um innihald þungmálma var ekki sett fram frávik, þar sem skylda til merkinga þungmálma vaknar einungis þegar innihald þungmálma fer yfir ákveðin mörk.



Tafla 3. Fjöldi fráviks eftir árum af vörum sem skoðaðar voru í eftirliti með rafhlöðum, rafgeymum

Þá skorti móttöku á rafhlöðum hjá 4 af 13 eftirlitspegum sem báru slíka skyldu sem gefur 30% frávik í móttöku rafhlaðna. Hátt frávikahlutfall hér gæti skýrst af því að sett var fram frávik þegar raf- og rafeindatæki sem innihéldu rafhlöður voru í sölu en engin móttaka var á rafhlöðum.

Alls voru frávik hjá 10 af 16 eftirlitsaðilum frá regluverki sem kröfðust úrbóta.

Viðauki A Upplýsingar um eftirlit

Efni: Eftirlit 2024 - rafhlöður - rafgeymar og raf- og rafeindatækjaúrgangur

Umhverfisstofnun vinnur að eftirliti með rafhlöðum og rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma og reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Markmið laganna er m.a. að tryggja að ekki skapist hættu fyrir heilbrigði manna og dýra, umhverfið verði ekki fyrir skaða, úrgangur fái viðeigandi meðhöndlun, dregið sé úr úrgangsmyndun, nýting hráefna aukin og handhafar úrgangs greiði kostnað vegna meðhöndlunar.

Í ofangreindu eftirlitsverkefni munu eftirlitsaðilar Umhverfisstofnunar skoða hvort **framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma**:

- Veiti kaupendum upplýsingar um efnainnihald, flokkun og skil á þessum úrgangi
- Séu skráðir í skráningarkerfi Umhverfisstofnunar
- Vörur séu merktar tunnummerki
- Fari eftir takmörkunum á efnainnihaldi skv. reglugerð

Í eftirliti með **sölu- og dreifingaraðilum rafhlaðna og rafgeyma** hvort:

- Tekið sé á mótinu notuðum rafhlöðum og rafgeymum og í verslunum yfir 400 m² sé einnig tekið á mótinu litlum raftækjum
- Farið sé eftir takmörkunum á efnainnihaldi skv. reglugerð

Í eftirliti með **raf- og rafeindatækjum hjá framleiðendum og innflytjendum** skoðar Umhverfisstofnun hvort:

- Aðilar séu skráðir í skráningarkerfi Umhverfisstofnunar
- Kaupendum séu veittar upplýsingar um flokkun, skil og áhrif hættulegra efna í raf- og rafeindatækjaúrgangi á umhverfið og heilsu manna og dýra
- Varan beri tunnummerki

Í úrtaki eru framleiðendur, innflytjendur og sölu- og dreifingaraðilar um allt land.

Nánari upplýsingar um þær kröfur sem gilda um þessar vörur/úrgang má finna í reglugerðunum og á vefsíðu Umhverfisstofnunar, <https://ust.is/atvinnulif/eftirlit/>

Virðingarfyllst

Undirskrift eftirlitsmanns

Viðauki B Eftirlitsblöð

Eftirlit hjá framleiðendum og innflytjendum **RAFHLAÐNA OG RAFGEYMA (R & R)**

Fyrirtæki:

Dagsetning eftirlits:

Tekur fyrirtækið á móti rafhlöðum/rafgeymum? _____

Er fyrirtækið með upplýsingar á vegg/afgreiðsluborði eða öðrum stöðum um förgun þeirra?

Upplýsingaskylda til kaupanda: Hvar er heimilt að skila notuðum RR?

- RR mega ekki fara með öðrum úrgangi
- RR er hægt að skila án gjalds
- RR eru í samræmi við lágmarkskröfur (Cd, Hg og Pb)
- Áhrif RR á heilsu manna og umhverfi

Vörunúmeri: Vörunúmer: Tegund: Tunnummerki Vara Umbúðir _____ Umhverfisvottað Já Nei _____ Efnainnih. Cd < 0.002% mvþ. Já Nei _____ Efnainnih. kvikasilfurs < 0.0005% mvþ. Já Nei _____ Annað:	Vörunúmeri: Vörunúmer: Tegund: Tunnummerki Vara Umbúðir _____ Umhverfisvottað Já Nei _____ Efnainnih. Cd < 0.002% mvþ. Já Nei _____ Efnainnih. kvikasilfurs < 0.0005% mvþ. Já Nei _____ Annað:
Vörunúmeri: Vörunúmer: Tegund: Tunnummerki Vara Umbúðir _____ Umhverfisvottað Já Nei _____ Efnainnih. Cd < 0.002% mvþ. Já Nei _____ Efnainnih. kvikasilfurs < 0.0005% mvþ. Já Nei _____ Annað:	Vörunúmeri: Vörunúmer: Tegund: Tunnummerki Vara Umbúðir _____ Umhverfisvottað Já Nei _____ Efnainnih. Cd < 0.002% mvþ. Já Nei _____ Efnainnih. kvikasilfurs < 0.0005% mvþ. Já Nei _____ Annað:

Eftirlit hjá framleiðendum og innflytjendum **RAF- OG RAFEINDATÆKJA (WEEE)**

Fyrirtæki:

Dagsetning eftirlits:

Er fyrirtækið með upplýsingar á vegg/afgreiðsluborði eða öðrum stöðum um förgun á raf- og rafeindatækjum?

Upplýsingaskylda til kaupanda:

- Hvar er heimilt að skila notuðum WEEE?
- WEEE mega ekki fara með öðrum úrgangi
- WEEE er hægt að skila án gjalds
- Áhrif WEEE á heilsu manna og umhverfi

Vörunúmeri: Vörunúmer: Tegund: Tunnummerki Vara____ Umbúðir____ Bæklingur____ Upplýsingar í bæklingi Já ____ Nei____ Ekki til ____ Annað:	Vörunúmeri: Vörunúmer: Tegund: Tunnummerki Vara____ Umbúðir____ Bæklingur____ Upplýsingar í bæklingi Já ____ Nei____ Ekki til ____ Annað:
Vörunúmeri: Vörunúmer: Tegund: Tunnummerki Vara____ Umbúðir____ Bæklingur____ Upplýsingar í bæklingi Já ____ Nei____ Ekki til ____ Annað:	Vörunúmeri: Vörunúmer: Tegund: Tunnummerki Vara____ Umbúðir____ Bæklingur____ Upplýsingar í bæklingi Já ____ Nei____ Ekki til ____ Annað:
Vörunúmeri: Vörunúmer: Tegund: Tunnummerki Vara____ Umbúðir____ Bæklingur____ Upplýsingar í bæklingi Já ____ Nei____ Ekki til ____ Annað:	Vörunúmeri: Vörunúmer: Tegund: Tunnummerki Vara____ Umbúðir____ Bæklingur____ Upplýsingar í bæklingi Já ____ Nei____ Ekki til ____ Annað:

Viðauki C Eftirlitsskýrsla sniðmát

EFTIRLITSSKÝRSLA

Eftirlit með rafhlöðum, rafgeymum og raf- og rafeindatækjum

Dagsetning eftirlits
Fyrirtæki

Heimilisfang

Kennitala

Rafræn skýrsla send á

Starfsemi
Innflytjandi
Fulltrúi UST
Tegund eftirlits
Fulltrúi fyrirtækis
Málsnúmer

UMFANG EFTIRLITS

Þann X síðastliðinn fór fram eftirlit á vegum Umhverfis- og orkustofnunar hjá fyrirtækinu x, sem rekur x verslun. Í eftirlitinu voru skoðaðar nokkrar gerðir af raf- og rafeindatækjum og rafhlöðum/rafgeymum og hvort vörurnar bæru réttar merkingar og upplýsingar til notenda sbr. reglugerð 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang og reglugerð 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma. Skoðað var hvort verslunin taki á móti notuðum rafhlöðum og rafgeymum og mögulega litlum raftækjum. Þá var einnig athugað hvort fyrirtækið væri skráð í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda.

Eftirfarandi vörur voru skoðaðar við framkvæmd eftirlits:

-
-
-

Einungis ofangreindar vörur voru skoðaðar við framkvæmd eftirlitsins, aðrar vörur sem fyrirtækið selur en eru ekki til skoðunar í þessari skýrslu kunna að fela í sér frávík.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS:

1 Fyrirtækið er skráð í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda: JÁ ☒ NEI ☐

Samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang ber framleiðendum og innflytjendum raf- og rafeindatækja að skrá sig í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda.

Fyrirtækið er skráð í skráningarkerfi fyrir innflytjendum raf- og rafeindatækja og því eru engar athugasemdir gerðar hér.

2 Móttaka á notuðum rafhlöðum og rafgeymum:

Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma ber sölu- og dreifingaraðilum rafhlaðna og rafgeyma að taka gjaldfrjálst við notuðum rafhlöðum á sölu- eða dreifingarstað og tryggja viðeigandi ráðstöfun.

Fyrirtækið tekur á móti notuðum rafhlöðum í verslun sinni: JÁ ☒ NEI ☐ Á EKKI VIÐ ☐

Fyrirtækið tekur á móti notuðum rafgeymum í verslun sinni: JÁ ☐ NEI ☐ Á EKKI VIÐ ☒

Engar athugasemdir.

3 Merkingarskylda:

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1031/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang bera framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja ábyrgð á því að vörur þeirra séu merktar sérstaklega með tunnumerki (yfirstrikuð sorptunna).

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. reglugerðar um rafhlöður og rafgeyma nr. 1020/2011 bera framleiðendur og innflytjendur sambærilega merkingarskyldu.



Tunnummerki

Tunnummerki skorti á eftirtalda vöru:

-
-

Frávik: Varan eru ekki merktar með tunnummerki og er það frávik frá 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1031/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Athugasemd: Til þess að uppfylla skyldur ákvæðisins ber X að sjá til þess að varan séu tunnummerkt. Ekki er fullnægjandi að tunnummerki sé einungis á umbúðum varanna. Senda þarf ábendingu á birgi varanna og vekja athygli á að tunnummerki skorti til að tryggja að næsta sending af vörunni verði tunnummerkt.⁶

Það getur verið ásættanleg lausn að endurmerkja vörunar sem fyrirtækið á nú þegar á lager, en límmiðinn þarf að uppfylla kröfurnar sem koma fram í Viðauka IV reglugerðar nr. [1061/2018](#).

Ef ekki er hægt að merkja vörur með yfirstrikaðri sorptunnu þarf að taka vörunar úr sölu.

4 Takmörkun þungmálma:

Í 5. gr. reglugerðar um rafhlöður og rafgeyma nr. 1020/2011 er að finna takmarkanir á efnainnihaldi þungmálma í rafhlöðum og rafgeymum. Samkvæmt greininni er almennt óheimilt að framleiða, flytja inn, selja eða nota:

- a) rafhlöður og rafgeyma sem innihalda meira en 0,0005% af kvikasilfri miðað við þyngd, hvort sem þau eru hluti af tækjum eða ekki, og
- b) færanlegar rafhlöður og rafgeyma sem innihalda meira en 0,002% af kadmíum miðað við þyngd, að meðtöldum þeim sem eru hluti af tækjum.

Þá skulu rafhlöður og rafgeymar, sem innihalda meira en 0,0005% af kvikasilfri, meira en 0,002% af kadmíum eða meira en 0,004% af blýi, enn fremur merktar með auðkenni fyrir viðkomandi málmi: Hg, Cd eða Pb.

Engar athugasemdir varðandi takmörkun þungmálma.

⁶ Hægt er að vísa framleiðendum/birgjum á Evrópureglugerðina, sem Ísland hefur innleitt:

Directive [2012/19/EU](#) on waste electrical and electronic equipment (WEEE) implemented by Icelandic regulation no. [1061/2018](#)

5 Upplýsingaskylda:

Framleiðendur og innflytjendur bera upplýsingaskyldu samkvæmt 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 442/2015 um raf- og rafeindatækjaúrgang. Upplýsa skal kaupendur um hvar heimilt er að skila notuðum rafhlöðum og raf- og rafeindatækjaúrgangi, að tækin megi ekki fara með almennum úrgangi, að rafhlöðum sé hægt að skila til sölu- og dreifingaraðila eða endurvinnslustöðva eftir notkun án greiðslu og að ábyrgst sé að úrgangurinn verði meðhöndlaður í samræmi við gildandi reglur. Upplýsa skal um áhrif þessara vara á heilsu manna og umhverfi.

Athugasemd: Upplýsingaskyldu er ekki fullnægt.

Umhverfisstofnun sendir fyrirtækinu ásamt skýrslunni upplýsingaspjald sem fyrirtækið getur nýtt sér til miðlunar ofangreindra upplýsinga og sett upp í verslun og á heimasíðu sinni. Þá sendir stofnunin einnig leiðbeiningar um hvernig uppfylla beri upplýsingaskyldu með hugmyndum að textabrotum til miðlunar upplýsinga.

Staður og dagsetning

Eftirlitsmaður

Viðauki D Upplýsingaspjöld

Framhaldslíf með **endurvinnslu**



Rafhlöður og rafgeymar
eru spilliefni og þeim **máttu skila hingað**
en raftækjum til endurvinnslufyrirtækja

Með því að flokka og skila raftækjum, rafhlöðum og rafgeymum til endurvinnslu drögum við úr ofnýtingu auðlinda. Mörg tækjanna geta innihaldið spilliefni sem meðhöndla þarf með viðeigandi hætti auk fágætra málma sem nýst geta aftur.

Framhaldslíf með **endurvinnslu**



Rafhlöður eru spilliefni og þeim
máttu skila hingað en raftækjum til
endurvinnslufyrirtækja

Með því að flokka og skila raftækjum, rafhlöðum og rafgeymum til
endurvinnslu drögum við úr ofnámtingu auðlinda. Mörg tækjanna geta
innihaldið spilliefni sem meðhöndla þarf með viðeigandi hætti auk
fágætra málma sem nýst geta aftur.